

Ég skora á alþingismenn og umhverfissráðherra að sjá til þess að umferðarréttur almennings á hálendi Íslands verði ekki frá honum tekinn.

Sjá einnig - Vonarskarð á >> utanvega.net

Frá barnæsku hef ég ferðast um hálendi Íslands - fyrst með foreldrum og síðar eigin fjölskyldu, vinum og félögum og oftast á óbreyttum jeppabíl heimilisins. Nú eru fram komnar hugmyndir um að reka almenning á fjölskyldufarartækinu burt af fjölda stórfenglegra leiða um hálendið og við og um þjóðgarða. Tilgangurinn virðist vera sá að afhenda öræfin því promilli Íslendinga sem næstliðin ár hefur komið til skjalanna sem gönguhetjur og telur sér að því atvinnuhag. Hér er um að ræða siðlausu árás á umferðarrétt almennings sem þó var tryggður í markmiðsgrein laga nr. 44 frá 1999 um náttúruvernd. Þar segir:

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Bönn við umferð almennings á heimilisbílnum gengur þvert á það sem þar segir.

Upphróp um utanvegaakstur er aumlegt yfirlór áróðursodda þessa gjörnings. Þar er klifað á ummerkjum þar sem einhverju sinni hafa verið á ferð ökumenn sem ekki hafa lært hvað varast þarf þegar komið er út af malbikinu. Enn dettur engum í hug að loka Miklubrautinni þótt fjölmargir fipist einmitt þar. Umfang slíkra óhappa var fyrst metið skipulega sumarið 2009 þegar það sýndi sig að vera hverfandi. Það er líka einkennandi fyrir alla þá umræðu að áróðursoddarnir varðveita sín fáu dæmi í stað þess að stuðla að lagfæringu þar sem þeir telja hennar þörf.

Ómerkar eru einnig háværar yfirlýsingar um að verið sé að opna landið almenningi til göngu. Íslendingar eiga öræfin - allir. Líka ungir og aldnir. Líka öryrkjar og ferðahamlaðir. Líka húsmæður með barnahópa og gamalmenni í sinni umsjá. Líka þeir sem berjast í bökkum. Aðeins örlítill hluti þeirra hefur íþróttafærni, tíma og aðstöðu til að ganga um fjöllin en allir geta farið á heimilisjeppanum eða setið í hjá vinum og ættingjum. Þannig eru öræfin á hálendi Íslands.

Sama gildir um börnin okkar. Það þykir nefnilega fínt að segjast ætla að gæta landsins fyrir afkomendur þeirra sem nú lifa. Það er gert með því að hindra þá sem nú lifa í að fara um landið. Það þarf bara að hugsa eitt andartak til að skilja að þetta er innihaldslaus fullyrðing. Það stendur einmitt til að gera hinni almennu fjölskyldu ókleift að kynna börnum sínum öræfin.

Lokanir á umferð um Vonarskarð og svæðið austan Köldukvíslar eiga sér engin rök. Þar liggja allar leiðir um öræfi, hraun og eyðimerkur. Allt svæðið er stórbrotið og unnt að aka ógleymanlegar útsýnisleiðir þar sem engrar vegagerðar er þörf og enginn kunnugur vill sjá neina vegagerð. Um þær hafa menn ekið frá því fyrir miðja síðustu öld og og eftir næsta hvassviðri eru slóðir víðast horfnar. Á öllu svæðinu er aðeins eitt vatn sem nokkuð er víst að ekki þornar upp þegar líður á sumar - og þarna hafa fáir gengið. Í Vonarskarði liggur akstursleiðin um algjöra eyðimörk. Örfáir koma þar gangandi. Þeir hafa á næstliðnum árum uppgötvað svæðið og finnst sjálfsagt að taka það ódýru eignarnámi af almenningi með þeim rökum að þeir þoli ekki að heyra þar vélarhljóð - eða jafnvel umferð hesta. Ekkert í umferð almennings ógnar vernd náttúrunnar á þessum slóðum né sjálfbærri þróun hennar.

Hvers virði er réttur almennings til að fara um hálendið á heimilisjeppanum? Hægt er að kaupa hann af fátæklingi fyrir baunadisk en sá sem ekki er þjakaður af skuldum léti sér ekki haggja þótt boðnar væru fúlgur fjár. Rétturinn er þar með einnig tekinn af afkomendunum og þeirra afkomendum - til eilíffðar. Það sem hér er ætlað að taka af almenningi er því margfalt meira en fáein bankahrun. Þetta er lífsfyllingarþjófnaður af íslenskum almenningi og með öllu siðlaus.

Samantekt í júníbyrjun árið 2010 - GÓP